Nd. 287. **Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kynbætur nautgripa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þótt nefndin sjái fyrirfram, að framkvæmd frumvarps þessa verði miklum erfiðleikum bundin, verði það að lögum, — einkum í strjálbygðum sveitum —, þá lítur hún svo á, að i það megi ekki horfa, þar sem svo mikið er ógert að því að bæta nautgriparæktina í landinu, en sem útlit er á, að gangi alt of seint, ef eigi er hert á því með samskonar lögum og þessum. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og háttv. efri deild hefir gengið frá því.

Alþingi, 23. febr. 1928.

| | |
|---|---|
| Lárus Helgason,<br>form. og frsm. | Jón Ólafsson,<br>fundaskrifari. |
| Einar Jónsson. | Jörundur Brynjólfsson. |